

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

8. fundur, fimmtudaginn 5. júní 2008, klukkan 17:30-20:00 og framh. 6. júní kl. 8:00-9:00

Sveinbjarnargerði í Eyjafirði

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Guðni A. Jóhannesson, Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Freysteinn Sigurðsson, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir og Þorsteinn Tómasson boðuðu forföll.

Starfsmaður verkefnisstjórnar: Helga Barðadóttir. Ingibjörg Halldórsdóttir boðaði forföll

Fundarfrásög:

Verkefnisstjórn rammaáætlunar fór í vettvangsferð um jarðhitasvæði í Þingeyjarsýslum 5.- 6. júní 2008. Leiðsögumenn voru Ásgrímur Guðmundsson, jarðfræðingur hjá Ísor og Yngvi Ragnar Kristjánsson, ferðamálafrömuður í Mývatnssveit.

Fundað var í Sveinbjarnargerði síðdegis 5. júní og fundi framhaldið að morgni 6. júní. Að fundi loknum þann 6. júní var keyrt um Mývatnssveit, Kröflusvæðið, Bjarnarflag og farið að Þeistareykjum, þar sem rannsóknarboranir fara nú fram.

Á Húsavík var stuttur fundur með stjórn Orkuveitu Húsavíkur. Á þeim fundi kom m.a. fram að sveitarfélagið hefur lagt mikla fjármuni í rannsóknir vegna fyrirhugaðrar virkjunar á Þeistareykjum og bindur miklar vonir við að þar verði virkjað og að álver verði byggt á Bakka. Edward Huijbens, forstöðumaður Ferðamálaáseturs Íslands kynnti niðurstöður könnunar meðal ferðapjónustuaðila í Þingeyjarsýslu á viðhorfi til fyrirhugaðrar virkjunar á Þeistareykjum og byggingu háspennulínu frá Kröfu að Bakka. Erindinu verður dreift á næsta fundi. Hér á eftir fer fram fundarfrásög af 8. fundi verkefnisstjórnar 5. og 6. júní.

5. júní 2008

Á fundinn mætti Árni Ólafsson og kynnti vinnu við svæðisskipulag virkjanasvæða í Þingeyjarsýslum. Lagði hann áherslu á að velja ætti framkvæmdaleið strax á skipulagsstigi. Nýting og verndun á náttúruaðlindunum var í forgrunni vinnunnar við svæðisskipulagið og er svæðisskipulagið í raun nýtingar og verndaráætlun jarðhitasvæðanna. Lagði hann áherslu á að víðtækt samstarf hefði verið haft við hagsmunaaðila sem hefði skilað miklu í vinnuna og hefði leitt til þess að ýmsar breytingar voru gerðar á upphaflegum drögum. Í skipulaginu voru allir raunhæfir kostir settir fram og samkvæmt því er heimilt af fara inn á Þeistareykjasvæðið en ekki verður farið inn á Gjástykkissvæðið nema að vel yfirlögðu ráði ef ljóst verður að önnur svæði gefi ekki þá orku sem sóst er eftir. Nokkrar umræður urðu um hlutverk hinna ýmsu skipulagsstiga.

Að lokinni kynningu Árna rifjaði Þóra Ellen upp erindi sitt um þá aðferðafræði sem faghópur 1 beitti í vinnu sinni í fyrsta áfanga. (Erindið er það sama og hún flutti í haust og var því dreift til verkefnisstjórnar þá.) Lagði Þóra Ellen áherslu á að næðist sátt um aðferðafræðina þá væri mun meiri líkur á að sátt næðist um niðurstöðurnar.

Formaður lagði áherslu á að ekki væri ástæða til að byrja upp á nýtt varðandi vinnu við aðferðafræðina, horfa bæri til 3. kafla í niðurstöðuskýrslu 1. áfanga.

6. júní

Lokið var yfirferð yfir vinnulag og matsaðferðir við röðun virkjanakosta/náttúrusvæða.

Niðurstaða hópsins er að beita sömu aðferð og beitt var í 1. áfanga rammaáætlunar, þ.e. AHP-samanburðaraðferð.

Settir verði á laggirnar með haustinu sambærilegir faghópar þeim sem unnu að mati í 1. áfanga. Faghópur 3 (þjóðhagsmál og byggðaðróun) skilaði ekki nothæfum niðurstöðum inn í heildarmatið í 1. áfanga. Mikilvægt var talið að þessir þættir vigtuðu inn í matið. Samþykkt að kalla Sigurð Guðmundsson, sem stýrði faghópi 3, til fundar við verkefnisstjórn og fara með honum yfir málið.

Þá var ákveðið að niðurstöður rammaáætlunar yrðu einnig aðlagðar lykli IEA/GIA og IHA Forum for sustainability, en þetta er fjölpjódleg vinna að þróun mælikvarða um sjálfbærni við nýtingu jarðhita og vatnsafls sem Ísland er aðili. Rammaáætlun tekur þátt í jarðhitahlutanum ásamt Orkustofnun.

Næstu skref :

Taka þarf ákvörðun um hverjir stýri faghópunum og hvort leitað verði eftir tilnefningum stofnana og félagasamtaka um þátttakendur, eins og gert var í 1. áfanga. Verkefnisstjórn mun a.m.k. ákveða hverjir stýra faghópunum og hvort fulltrúar í verkefnisstjórninni stýra faghópum og/eða sitja í þeim.

Athuga hvort ekki sé rétt að leggja niður háhitahópinn og þeirri vinnu sem þar hefur farið fram verði stefnt inn í faghóp 4. Háhitahópurinn á aðeins eftir að meta svæðin og hefur Halldór Ármannsson sem stýrir háhitahópnum, verið beðinn um að fara yfir það hvort ekki megi nota sömu aðferð og notuð var í 1. áfanga.